

**Ed.**

## **458. Breytingartillögur**

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 1. gr.

a. 1. málsg. orðist svo:

Í kaupstöðum og kaптúnunum, sem eru sérstök hreppsfélög og  $\frac{3}{4}$  hlutar hreppsþúa eru í kaптúninu, svo og öðrum hreppum, er heimilt að leggja árlega fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, einnig á jarðaritök, sem eru fráskilin jörðum, svo sem námur, varplönd, rekaréttindi, veiðirétt í ám og vötnum og önnur réttindi, og skal hann vera sem hér segir:

b. Við A. 1. Liðurinn orðist svo:

Af byggðum byggingarlóðum eigi lægri en 0,5% og eigi hærri en 2%, og af óbyggðum byggingarlóðum eigi lægri en 1% og eigi hærri en 3%, nema þær séu nytjaðar til matjurta- eða grasræktar, þá allt að 2%, þó aldrei lægri en 0,5%.

c. Við A. 2. Í stað „1%“ komi: 0,8%.

d. Við A. 3. Í stað „erfðafestulöndum“ komi: ræktunarlöndum. Í stað „0,1%“ komi: 0,2%, og í stað „0,5%“ komi: 0,8%.

e. Við B. 1. Liðurinn orðist svo:

Af byggðum byggingarlóðum eigi lægri en 0,5% og eigi hærri en 1%, og af óbyggðum byggingarlóðum eigi lægri en 0,8% og eigi hærri en 2%, nema þær séu nytjaðar til matjurta- eða grasræktar, þá allt að 1%, þó ekki lægri en 0,5%.

f. Við B. 2. Í stað „0,2%“ komi: 0,1% og eigi hærri en 0,4%.

g. Við B. 3. Í stað „erfðafestulöndum“ komi: ræktunarlöndum. Í stað „0,1%“ komi: 0,2%, og í stað „0,3%“ komi: 0,8%.

h. Við „Í öðrum hreppum“:

1. Í stað „0,1%“ komi: 0,2%, og í stað „0,3%“ komi: 0,8%.

2. Í stað „0,1%“ komi: 0,2%, og í stað „0,2%“ komi: 0,4%.

2. Við 2. gr. Síðari málsg. orðist svo:

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, og árleg leiga eða eftirgjald fyrir þau sé undir 6% af fasteignamatssverði. Sé leigan eða eftirgjaldið undir 6%, en yfir 4% af fasteignamatssverði á ári, greiðist skatturinn af eiganda og leigjanda að helmingi af hvorum, en sé leigan eða eftirgjaldið eigi yfir 4%, greiðist skattur allur af leigjanda.

3. Við 9. gr. Í stað „Kaupstöðum ... gjald“ í upphafi greinarinnar komi: Í kaupstöðum utan Reykjavíkur með minna en 2000 íbúa er bæjarstjórnun heimilt að ákveða gjald í bæjarsjóð.

4. III. kafli frv. (15.—20. gr.) falli niður.

5. Við 24. gr. Greinin falli niður.

6. Við 25. gr. Í stað „skal leggja í sjóð í Landsbanka Íslands“ í 1. málsl. komi: skal leggja í sjóð og ávaxtast í banka með ríkisábyrgð.